

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1994 og efnahag 31. desember 1994.

Reykjavík, 7. mars 1995.

Löggiltir endurskoðendur hf.

Stefán Svavarsson,
löggiltur endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

Áritun stjórnar

Þorkell Helgason
formaður.

Eiríkur Guðnason.
Stefán Pálsson.
Valur Valsson.

Ólafur Örn Ingólfsson.
Þórhallur Arason.

Staðfesting viðskiptaráðherra
Viðskiptaráðuneytið, 7. mars 1995.
Sighvatur Björgvinsson.

REGLUGERÐ

**um úthafs-rækjuveiðisvæði og
notkun seiðaskilju við rækjuveiðar.**

1. gr.

Skipum, sem heimild hafa til veiða á úthafs-rækju, er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu sbr. lög nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

1. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði milli 14°30'V og 23°00'V allt árið.
2. Við Eldey eru rækjuveiðar bannaðar á svæði, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40'V og að norðan af 64°05'N.
3. Fyrir Vesturlandi austan 25°30'V milli 64°N og 65°30'N eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum, sem eru 39 metrar að mestu lengd eða lengri og ennfremur skipum með 1100 hestafla aðalvél eða stærri. Dragi tvö veiðiskip saman rækjuvörpu, skal miða við samanlagða mestu lengd þeirra.
4. Fyrir Norðurlandi, á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi norður frá Horni og Rauðanúp, eru úthafs-rækjuveiðar bannaðar öllum skipum, sem eru 200 brúttórúmllestir og stærri, sunnan 66°40'N, á tímabilinu frá og með 15. maí til og með 31. október ár hvert.

2. gr.

Þrátt fyrir 1. gr. eru rækjuveiðar heimilar á svæði í Héraðsflóa inn að línu, sem dregin er frá Bjarnareyjarvita í Ósfles. Að norðan markast svæðið af línu, sem dregin er réttvísandi austnorðaustur frá Bjarnareyjarvita og að sunnan af línu, sem dregin er réttvísandi austnorðaustur frá Ósfles.

Þá er og bátum, 100 rúmlestir og minni, heimilar rækjuveiðar á utanverðum Húnaflóa frá og með 15. ágúst til og með 31. október ár hvert, utan línu sem dregin er milli eftirgreindra staða: Selskers, Gjögurs, Kálfshamars, Rífsness og Ásbúðarrífs.

3. gr.

Frá og með 15. júní 1995 er skylt við rækjuveiðar á skuttogurum, sem eru 40 metrar að mestu lengd eða lengri, að nota seiðaskilju við allar rækjuveiðar utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 31/1976, og á svæðum, sem skilgreind eru í 1. og 2. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar. Skuttogarar teljast hér togskip, sem taka vörpuna inn um skutrennu að aftan og losa afla úr henni á millidekk eða vinnsludekk.

Frá og með 15. júlí 1995 er skylt við rækjuveiðar á öllum veiðiskipum að nota seiðaskilju á svæði, sem skilgreint er í 1. mgr. þessarar greinar.

Seiðaskilja skal þannig gerð, að bil milli rimla skal mest vera 22 mm. Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

4. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. júní 1995 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er frá sama tíma felld úr gildi reglugerð nr. 612, 25. nóvember 1994, um veiðisvæði við úthafs-rækjuveiðar. Þá fellur þann 15. júlí 1995 úr gildi reglugerð nr. 73, 3. febrúar 1995, um notkun seiðaskilju og bann við rækjuveiðum fyrir Norðurlandi og reglugerð nr. 269, 25. maí 1994, um bann við veiðum í Breiðafirði.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 3. gr. er ekki skylt að nota seiðaskilju við rækjuveiðar á svæði fyrir Vestur- og Suðvesturlandi sunnan og vestan línu, sem þannig er dregin:

A. Frá punkti 65°00'N - 26°32'V í 270° réttvísandi.

B. Frá punkti 65°00'N - 26°32'V um eftirgreinda punkta:

1. 64°41'N - 25°18'V
2. 65°04'N - 24°01'V
3. 64°56'N - 24°02'V
4. 64°48'N - 24°16'V
5. 64°32'N - 24°22'V
6. 64°22'N - 24°52'V
7. 64°08'N - 24°58'V

8. 64°28'N - 23°54'V
9. 64°18'N - 23°44'V
10. 63°28'N - 24°34'V
11. 63°28'N - 23°00'V og þaðan í réttvísandi suður.

Ákvæði þetta til bráðabirgða gildir til 1. janúar 1996. Heimilt er að setja sérstakar reglugerðir, sem áskilja notkun á seiðaskilju innan svæðisins.

Sjávarútvegsráðuneytið, 23. maí 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 210/1993, um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

1. gr.

Við 6. gr. bætast eftirfarandi mgr.:

Farandlaunþegi, þ.e. launþegi sem starfað hefur á hinu Evrópska efnahagssvæði í a.m.k. 5 ár, og börn hans og maki eiga rétt á samsvarandi aðstoð og íslenskir ríkisborgarar hafi hann komið hingað til lands vegna starfs síns og átt hér lögheimili í eitt ár enda sé aðstoð ætluð til starfstengds náms. Um ríkisborgara Norðurlandanna gilda áfram sérstök ákvæði í samningi landanna.

Það er skilyrði til námsaðstoðar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna að viðkomandi hafi átt hér lögheimili í eitt ár áður en lánshæft nám hefst. Íslenskur ríkisborgari heldur þó rétti sínum í tvö ár eftir að hann flytur lögheimili sitt hér af landi. Réttur til námsaðstoðar frá Lánasjóði íslenskra námsmanna helst þó að einstaklingur flytji lögheimili sitt til annars lands vegna náms, starfa fyrir hönd Íslands á vegum sendiráða og alþjóðlegra stofnana og í sambærilegum tilfellum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 29. maí 1995.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.